

Vinnuvernd er allra hagur - fyrir þig og þinn vinnustað.

Vinnuvernd alla ævi

Eflum sjálfbæra starfsævi



#EUhealthyworkplaces

www.healthy-workplaces.eu

Verðlaun herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur fyrir góða starfshætti

Ósk um tilnefningar



Eflum sjálfbæra starfsævi


Vinna er hluti af lausninni en ekki vandamálið þegar kemur að öldrun vinnuafis í Evrópu. Vinna getur verið góð bæði fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði. Ef sjálfbær vinna og heilbrigð öldrun er eflid leiðir það til heilbrigðara og áhugasamara vinnuafis, minni starfsmannaveltu og aukinnar framleiðni í fyrirtækinu.

Herferðin vekur athygli á mikilvægi þess að vinnuverndarmálum sé stjórnað með góðum hætti út starfsævina og að vinnan sé sniðin að getu einstaklingsins — hvort sem það er við upphaf starfsframans eða lok hans. Með því að hafa stjórn á vinnuverndarmálum og hafa hliðsjón af og taka á fjölbreytni vinnuafisins er hægt að stuðla að heilbrigðri öldrun og lífeyristöku við góða heilsu.

Helstu markmið herferðarinnar **Vinnuvernd er allra hagur 2016-17** er eftirfarandi:

- að efla **sjálfbæra vinnu og heilbrigða öldrun** og undirstrika mikilvægi forvarna út alla starfsævina;
- að aðstoða atvinnurekendur og launþega (þar á meðal í stórum og meðalstórum fyrirtækjum) með því að bjóða upp á **upplýsingar og tól til að stjórna vinnuvernd** þegar kemur að öldrun vinnuafisins;
- að auðvelda miðlun upplýsinga og **góðra starfsvenja** á sviðinu.

Frekari upplýsingar um herferðina má finna á www.healthy-workplaces.eu



Ef hlúð er að heilbrigðum starfsvenjum meðal ungra launþega stuðlar það að sjálfbærri vinnu.



Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) opnar fyrir tilnefningar fyrir 13. **Verðlaunin fyrir góða starfshætti.** Sem hluti af herferðinni Vinnuvernd alla ævi 2016-17 miðar samkeppnin að því að veita fyrirtækjum viðurkenningu sem sýna fram á framúrskarandi og nýstárlegar leiðir í öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustöðum þegar kemur að öldrun vinnuafslins.

Verðlaun herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur fyrir góða starfshætti

Í samstarfi við aðildarríkin og forsætislönd ráðs Evrópusambandsins heldur EU-OSHA **Verðlaunin fyrir góða starfshætti** samhliða herferðunum Vinnuvernd er allra hagur. Verðlaunin eru mikilvægur hluti af hverri herferð og hjálpa til við að sýna fram á ávinninginn af góðri vinnuvernd og myndar **vettvang til að miðla upplýsingum um góða starfshætti og efla þá í Evrópu.**

Verðlaunin fyrir góða starfshætti 2016-17 miða að því að undirstrika framúrskarandi dæmi um fyrirtæki sem hafa tileinkað sér **nýstárlegar öryggis- og heilbrigðisvenjur** þegar kemur að öldrun vinnuaflsins. EU-OSHA leitar að dæmum sem sýna fram á **heildræna nálgun** við vinnuverndarstjórnun og **lífsbrautarnálgun til forvarna** til að tryggja heilbrigða öldrun á vinnustöðum. Dómnefndin

er líka að leita að **sjálfbærni og flytjanleika** inngripanna þ.e. að hægt sé að yfiræra aðgerðir á önnur fyrirtæki.

Þátttaka er opin öllum evrópskum atvinnurekendum og starfsmönnum, einnig aðilum vinnumarkaðarins, sérfræðingum og þeim sem vinna á sviði öryggis- og heilbrigðismála, og ráðgjöfum um vinnuverndarmál á vinnustöðum.

Sigurvegurinum verða veitt verðlaun á athöfn í apríl 2017 auk þess sem árangri allra þeirra sem tóku þátt verður fagnað. Upplýsingar um þá sem fengu verðlaun og tilnefningu munu birtast í útgáfuriti sem verður dreift vítt og breitt um Evrópu og auglýst á heimasíðu EU-OSHA.



Heilbrigðir og afkastamiklir vinnustaðir taka á áskorunum samhliða öldrun vinnuaflsins.



Hvers lags góða starfshætti má senda í keppnina?

Öll raundæmi um skilvirka vinnuverndarstjórnun þegar kemur að virkri öldrun vinnuaflsins má senda inn.

Tilnefningar ættu að **lýsa með skýrum hætti hvernig starfsvenjur um góða aldursstjórnun hafa verið innleiddar** á vinnustaðnum og hvaða árangur hefur náðst, þar á meðal þætti eins og:

- hvernig tekið er á aldursmun við stjórnun vinnuverndar og mannauðsmála (þ.e. í gegnum stefnur á sviði aldursstjórnunar);

- áhættumat sem tekur mið af aldri og aðlögun vinnustaðarins til samræmi við það;
- gerð og innleiðing á íhlutunum og/eða hagnýtum tólum við stjórnun á vinnuafli sem eldist;
- forvarnir gegn örorku og stefnur eða ráðstafanir varðandi endurkomu til vinnu;
- sérstakar ráðstafanir, sem beinast að eldri launþegum og/eða hættur og áhætta sem eiga sérstaklega við eldri launþega.



Góð hönnun vinnustaðarins og vinnuskipulag er öllum aldurshópum til góða.

Hvað ætti tilnefning að sýna?

Prískipt dómnefnd mun leita að dæmum um:

- heilðræna nálgun að öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustaðnum, þar á meðal allar hliðar aldursstjórnunar á vinnustaðnum;
- æviskeiðsnálgun við forvarnir;
- úrbætur, sem eru raunverulegar og hægt að sýna fram á, þegar kemur að öryggis- og heilbrigðismálum og vellíðan í vinnunni;
- árangursríka þátttöku og aðild starfsfólks og fulltrúa þeirra;
- forgangsröðun sameiginlegra ráðstafana þegar kemur að íhlutunum þar sem sjónum er beint að einstaklingnum (notast ætti við heilsuefningu og heilsuvernd);
- sjálfbærni verkefnisins yfir tíma;

- flytjanleika yfir á aðra vinnustaði (í öðrum aðildarríkjum, í mismunandi atvinnugreinum og í öðrum stærðum fyrirtækja);
- tímabilið (íhlutunin ætti annað hvort að vera nýleg eða lítið kynnt).

Að auki þurfa íhlutunarir að fylgja og helst ganga lengra en viðeigandi löggjöf í því aðildarríki þar sem þær eru framkvæmdar. Vörur, búnaður og þjónusta í viðskiptalegum tilgangi verður ekki tekin til greina í keppninni.

Dæmi um góðar starfsvenjur, sem verðlaunaðar hafa verið á síðustu árum, má finna á vefsíðu EU-OSHA á: <https://osha.europa.eu/is/healthy-workplaces-campaigns/awards/good-practice-awards>



Heilbrigð öldrun er um þig og mig.



Hver má taka þátt?

Fyrirtæki sem starfa í aðildarríkjum ESB, umsóknarríkjum, hugsanlegum umsóknarríkjum og á fríverslunarsvæði Evrópu (EFTA) mega senda inn tillögur um góða starfshætti í keppnina, þar á meðal:


- einstök fyrirtæki eða samtök af öllum stærðum;
- þjálfunaraðilar og fræðasamfélagið;
- samtök atvinnurekenda, samtök verslunar, verkalýðsfélög og áhugahópar;
- svæðisbundin eða staðbundin samtök sem vinna á sviði vinnuverndarforvarna, tryggingafélög og aðrir milliliðir;
- opinberir samstarfsaðilar herferðarinnar.

Hvernig á að taka þátt

Ef þú ert fjölþjóðlegt eða samevrópskt fyrirtæki og opinber samstarfsaðili herferðarinnar getur þú sent tillöguna beint til EU-OSHA. Upplýsingar um þátttöku í Evrópukeppninni má fá hjá gpa@healthy-workplaces.eu

Allar aðrar tilnefningar eru fyrst dæmdar innanlands af landsskrifstofum EU-OSHA. Innlendir sigurvegarar taka svo þátt í samevrópsku keppninni þar sem sigurvegarar yfir heildina eru valdir.

Samstarfsaðilinn í þínu heimalandi getur veitt þér nánari upplýsingar um hvernig eigi að taka þátt í samkeppninni. Til að finna og komast í samband við landsskrifstofuna þína, skal fara á www.healthy-workplaces.eu/fops



Fylgjast með okkur á Twitter:
[#EUhealthyworkplaces](https://twitter.com/EUhealthyworkplaces)

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin, sem sett var á laggirnar af Evrópusambandinu 1994 og staðsett í Bilbaó á Spáni, rannsakar, þróar og miðlar áreiðanlegum, öruggum og óhlutdrægum upplýsingum á sviði öryggis og heilbrigðis og vinnur með fyrirtækjum um alla Evrópu við að bæta vinnuaðstæður.

EU-OSHA stendur einnig fyrir hinum 2 ára löngu herferðum **Vinnuvernd er allra hagur** með stuðningi stofnana Evrópusambandsins og aðilum vinnumarkaðarins í Evrópu. Landskrifstofur stofnunarinnar sjá um skipulag herferðanna innanlands. Herferðin **Vinnuvernd alla ævi** 2016-17, miðar að því að hjálpa atvinnurekendum að taka á vandamálum samhlíða öldrun vinnuaflsins og auka vitund um mikilvægi sjálfbærrar vinnu út starfsævi launþega.



Evrópska vinnuverndarstofnunin - EU-OSHA

C/Santiago de Compostela 12
48003 Bilbaó, SPÁNI
www.healthy-workplaces.eu